



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflakks Íslands mánudaginn 12. apríl 2021 kl. 20:00 í Bolholti 6 og með Zoom fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Katrín Baldursdóttir, Viggó K. Jóhannsson og Guðmundur Auðunsson. Margrét Pétursdóttir úr kjörnefnd var gestur fundarins.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt.

### 2. Starf kjörnefndar

Margrét fór yfir stöðuna. Talað var um að setja upp kosningastjórnir í hverju kjördæmi. Rætt var um hvaða lærdóm mætti draga af vinnunni fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

### 3. Kosningabaráttan framundan

Rætt var um hvort og hvernig við gætum haldið fund 1. maí. Einnig var farið yfir mögulegar útgáfur af myndböndum með boðskap flokksins. Talað var um að gera Bolholtið að lifandi vinnustað og rætt vítt og breitt um kosningabaráttuna.

#### 4. Vorstjarnan

Kennitala hefur verið samþykkt fyrir nafnið Vorstjarnan.

#### 5. Fjármál

Flokkurinn: 4.246.861 kr., kosningasjóður: 1.032.980 kr., Vorstjarnan: 1.842.140 kr., bankatrygging Vorstjörnu fyrir leigu húsnæðis: 1.200.000 kr.

#### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.